



Þingeyjarsveit

Erindisbréf Félags- og menningarmálanefndar

Nefndin fjalli um málefni félagsþjónustu, jafnréttismál, málefni fatlaðra, málefni aldraðra, forvarna, áfengis- og vímuvarna og húsnæðismála. Nefndin fjalli enn fremur um æskulýðs- og íþróttamál í sveitarfélaginu. Þá fjalli nefndin um menningarmál í sveitarfélaginu þar með talin almenningubókasöfn og félagsheimili.

Nefndin fjalli um framangreinda málaflokka samkv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, um málefni fatlaðra nr. 59/1992, um málefni aldraðra nr. 125/1999, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, um áfengislög nr. 75/1998, um húsnæðismál nr. 44/1998 um íþróttalög nr. 64/1998, um æskulýðslög nr. 70/2007, um félagsheimili nr. 107/1970 og um bókasafnalög nr. 150/2012 sem og öðrum þeim lögum sem kunna að varða störf nefndarinnar hverju sinni.

Hlutverk nefndarinnar er:

I

Að hafa forgöngu um að mótuð sé stefna fyrir sveitarfélagið í þeim málum sem undir nefndina heyra svo sem fjölskyldustefnu, forvarnamál, rekstrarfyrirkomulag og nýtingu bókasafna, rekstrarfyrirkomulag og nýtingu félagsheimila, æskulýðs- og íþróttamál, félagsstarf eldri borgara, byggingu, leigu og rekstur félagslegra leiguíbúða í eigu sveitarfélagsins o.s. frv.

II

Að gera tillögur til sveitarstjórnar um nánari útfærslu á einstökum þáttum félagsþjónustu sveitarfélagsins, s.s. á sviði félagslegrar ráðgjafar, heimaþjónustu og liðveislu.

III

Að veita sveitarstjórn umsögn um samninga um aðkeypta þjónustu við aldraða og fatlaða, um félagsþjónustu og heilsugæslu.

IV

Að vera tengiliður sveitarfélagsins við fagstofnanir og fagnefndir þeirra málaflokka sem undir nefndina heyra og skal nefndin ávallt leitast við að fylgjast með umræðu um þau málefni sem snerta starfssvið hennar.

V

Að gera árlega fyrir lok októbermánaðar tillögur til sveitarstjórnar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar komandi árs, um forgangsröðun fjárveitinga til skilgreindra viðfangsefna eða fyrirhugaðra fjárfestinga á þeim sviðum sem undir nefndina heyra. Nefndin útteilir styrkjum tvisvar á ári skv. fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og auglýsir eftir styrkbeiðnum.

VI

Þá skal nefndin vera sveitarstjórn til ráðgjafar um þau málefni sem undir hana heyra. Einnig að stuðla ávallt að frjórri umræðu og hafa frumkvæði að markvissu starfi í þessum málaflokkum með hliðsjón af lögum og reglum sem við eiga hverju sinni.

27. ágúst 2014